

6.4.7. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012,350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016, 722/2018, 669/2018, 1278/2018 og 977/2020  
Lög um mannvirki, nr. 160/2010

## Stiga- og hvíldarpallar

Í grein 6.4.7 í byggingarreglugerð segir:

„Þar sem stigar eru milli hæða innanhúss er mesta heimila hæð stiga án hvíldarpalls 3,30 m. Í byggingu sem almenningur hefur aðgang að skal hafa hvíldarpall í miðri hæð stiga. Mesta heimila hæð stiga í slíkum byggingum án hvíldarpalls er 2,0 m. Hvíldarpallur skal vera jafn breiður stiganum sem hann er í og a.m.k. 1,30 m langur.

Þar sem hurð er við stigapall bygginga skal lengd palls minnst vera 1,50 m. Hurð skal ekki opnast út á stigapall, nema það sé krafa vegna rýmingarleiðar sbr. 9. hluta þessarar reglugerðar. Þá skal auka breidd palls og lengd hans sem nemur breidd hurðarinnar.


Ekki er heimilt að staðsetja hurð þannig að hún opnast út í stiga byggingar eða út úr stiga, nema af stigapalli að því tilskildu að stærð pallsins sé þannig að ekki skapist hætta og nægjanlegt rými sé til athafna framan við hurðina.

Hafa skal hvíldarpall á útitröppum sem almenningur hefur aðgang að og eru hærri en 1,5 m. Hvíldarpallurinn skal vera jafn breiður tröppunum. Um lengd hvíldarpalls gildir ákvæði 2. mgr.


Húsnæðis- og mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“

### Leiðbeiningar

2. mgr.: Lágmarkslengd hvíldarpalls er 1,30 m mæld frá þrepbrún að mótstæðu handriði, til að stöðva fall og minnka skaða vegna falls og einnig til að auðvelda flutninga. Sjá mynd 1 og mynd 2.




Mynd 1. Dæmi um stigapalla í 2 hæða íbúðarbyggingu. Öll mál í mm.




Mynd 2. Dæmi um stigapalla í byggingum með lyftu. Öll mál í mm.


- 2 3. mgr.: Gæta þarf þess þegar hurð opnast út á stigapall vegna rýmingarleiðar að athafnasvæði stigapalls minnki ekki.




Mynd 3. Dæmi um stigapall þar sem hurð, opnast inn í íbúð í 2ja hæða íbúðarbyggingu. Öll mál í mm.




Mynd 4. Dæmi um stigapall þar sem hurð opnast út í stigahús í 2ja hæða íbúðarbyggingu. Öll mál í mm.




Mynd 5. Dæmi um stigapall þar sem hurð opnast út í stigahús þvert á stigapall í 2ja hæða íbúðarbyggingu. Öll mál í mm.



Mynd 6. Dæmi um stigapall þar sem hurð opnast út í stigahús í byggingu með lyftu. Öll mál í mm.



Mynd 7. Dæmi um stigapall þar sem hurð opnast út í stigahús í byggingu með lyftu. Öll mál í mm.



Mynd 8. Dæmi um stigapall í byggingu með lyftu. Öll mál í mm.

**Yfirlit yfir breytingar sem gerðar hafa verið á leiðbeiningunni:**

Útgáfa	Lýsing á breytingu:	Dags.
1.0	Á ekki við	22.6.2012
2.0	2. breyting byggingarreglugerðar	31.5.2013
2.1	4. breyting byggingarreglugerðar	18.1.2016
2.2	7. breyting byggingarreglugerðar. Úrehtar tilvísanir teknar út	15.5.2018
2.3		15.5.2019
2.4	Tilvísanir teknar út o.fl.	30.9.2019
2.5	MVS breytt í HMS	5.2.2020
2.6	9. breyting byggingarreglugerðar. Yfirlit yfir breytingar	16.11.2020